

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Elínborgar Sigurðardóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. febrúar 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Elínborgar Sigurðardóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Elínborgar Sigurðardóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Sören Sörensen, Akurgerði 23, Reykjavík nnr. 8856-9040 til minningar um látna eiginkonu hans, Elínborgu Sigurðardóttur.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja og gleðja fátæka og sjúka, einkum þó gamalt fólk.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera stjórn Reykjavíkurdeildar Rauðakross Íslands.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 160 000,00 — eitt hundrað og sextíu þúsund 00/100 — og má ekki skerða það.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir, sölulaun af bókinni Ensk íslenska orðabókin, sem gefin var út af bókaútgáfu Arnar og Örlygs, svo og frjáls framlög hverju nafni sem nefnast.

7. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður á sem hagkvæmasta hátt að mati stjórnar.

8. gr.

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um á hvern hátt fé sjóðsins skal varið, en þó innan ramma 3. gr.

Úthlutun fer fram einu sinni á ári í fyrra helmingi desembermánaðar, þannig að úthlutunin gæti þá orðið þeim sem þiggja jólaglaðningur.

Ekki má úthluta meiru úr sjóðnum en svo að tryggt sé að verðgildi hans rýrni ekki miðað við verðbólgu.

9. gr.

Sjóðsstjórnin skal halda gerðabók um allan rekstur sjóðsins, ákvarðanir stjórnar og hvaðeina er varðar rekstur hans.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar endurskoðaðir af endurskoðendum reikninga Reykjavíkurdeildar Rauðakross Íslands. Um eftirlit með sjóðnum skal farið skv. lögum um eftirlit með opinberum sjóðum.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.